



Stjórnarfundur SKÍ

Fundargerð nr. 1641

Miðvikudagur 5. október 2022 / kl. 16.30 / Rafrænn fundur

Efni fundarins: Áttundi stjórnarfundur Skíðasambands Íslands (SKÍ) 2021 – 2023.

Fundarstjóri: Bjarni Theódór Bjarnason (formaður).

Fundarritari: Huguín Elvarsdóttir.

Pátttakendur: Jón Viðar Þorvaldsson framkvæmdastjóri SKÍ, Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Gísli Reynisson gjaldkeri, Huguín Elvarsdóttir ritari, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinanevndar og Jón Egill Sveinsson varaformaður.

Fjarverandi: Friðbjörn Benediktsson formaður snjóþrettanevndar

Fundur settur kl. 16.34.

Fundardagskrá:

1. Síðasta fundargerð
2. Undirbúningur fyrir skíðaþing
3. Umsóknir um starf framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Fundargerð

1. Síðasta fundargerð.

- Jón Viðar kemur síðustu fundargerð inn á drive stjórnar til samþykkis.

2. Undirbúningur fyrir skíðaþing

- Þingforseti 1 og 2.
 - Bjarni tekur boltann áfram með að velja þingforseta.
- Þingritari 1 og 2.
 - Framkvæmdastjóri biður stjórnarmenn að koma með hugmyndir að fólki til þess að sinna þessu hlutverki. Huguín mun líklegast sinna hlutverki þingritara 2.
- Á skíðaþinginu 2022 þarf að kjósa þriggja manna kjörnefnd, sem starfar til loka næsta þings. Kosningar á þinginu skv. 5 grein laga SKÍ.
 - Pátttakendur á þinginu kjósa um kjörnefnd sem framkvæmir kosningar þingsins á næsta ári. Ef ekki nægilega margir gefa kost á

sér þá hefur kjörnefnd leyfi til þess að nálgast fólk sem það telur geta sinnt þessum störfum.

- Öll gögn þarf að skila inn til SKÍ eigi síðar en þremur vikum fyrir skíðaþing, sem er til og með 28. október.
 - Laga og reglugerðarbreytingar eða önnur mál þarf að tilkynna með þessum fyrirvara.
- SKÍ þarf að senda frá sér seinna fundarboð og öll gögn eigi síðar en tveimur vikum fyrir skíðaþing, sem er föstudaginn 4. nóvember.
 - Stjórn hefur þá viku til þess að vinna úr gögnum og senda svo öll gögn frá sér 4. nóvember þannig best væri ef stjórnin hittist aftur milli 28. október og 4. nóvember t.d. 1 eða 2. nóvember.
- Á að veita einhverjar viðurkenningar? Eru einhverjir að sunnan sem væri hægt að veita heiðursmerki SKÍ?
 - Gull (20 ár), silfur (15 ár) og heiðursstjarna (æðsta viðurkenning SKÍ og veitist aðeins undir sérstökum kringumstæðum).
 - Jón Viðar sendir reglugerð fyrir heiðursmerki SKÍ á stjórnarmenn, spurning um að koma með breytingartillögu að þessari reglugerð fyrir þingið núna í nóvember.
 - Jón Viðar sendir út póst á formenn að leggja höfuðið í bleyti – er einhver innan þíns félags sem hægt er að veita heiðursmerki SKÍ?
- Skíðaþing – Lagabreytingar
 - Jón Viðar fer yfir tillögur að lagabreytingum og kemur með fullkláraðar tillögur fyrir næsta fund. Breytingar eru lagðar til á eftirfarandi atriðum:
 - 2. og 10. grein.
 - Umsóknum móta.
 - Bikarkeppni félaga í öllum greinum.
 - Útreikningum bikarstiga.
 - Einar leggur til tillögur að eftirfarandi breytingum:
 - Fella niður 7.grein í reglugerð um Íslandsgönguna.
 - Liðakeppni óháð félagi.
 - Sigurður leggur eftirfarandi tillögu til umræðu:
 - Aðsetur varnarþings Skíðasambandsins, þarf það að vera fyrir norðan?

3. Umsóknir um starf framkvæmdastjóra

- 22 umsóknir.
 - 14 kk og 8 kvk.
- Gísli, Bjarni og Jón Viðar munu mæta í viðtölin ásamt aðila frá Intellecta.
- Intellecta búið að flokka umsóknir fyrir hönd sambandsins fyrir viðtöl.
- Viðtöl munu eiga sér stað á næstu vikum.
- Gæti verið boðað til sérstaks fundar stjórnar vegna ráðningar á næstunni.

4. Önnur mál

- Alþjóðlegir fundir í september.
- Ákvörðun Skíðasambandsins um að fara af fundi FIS.
- Jón Viðar vinnur með Skíðasambandinu fram yfir skíðaþingið.

Næsti fundur

- Rafrænn fundur sem verður ákveðinn af formanni og framkvæmdastjóra.

Fundi slitið kl. 18.30.

Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð